Kópavogur, 12. Ágúst 2026

Efni: Fyrirspurn um nýja aðstöðu fyrir bátaflota HSSK á Kársnesi og öryggismál í Fossvogi með tilkomu Fossvogsbrúar.

Óskað er eftir upplýsingum frá umhverfis – og skipulagssviði varðandi nýja staðsetningu fyrir bátaflota Hjálparsveitar skáta í Kópavogi (HSSK) á Kársnesi.

1. Er komin ákveðin staðsetning fyrir nýja aðstöðu eða húsnæði undir bátaflotan sveitarinnar á Kársnesinu?
2. Hvenær er áætlað að framkvæmdir geti hafist á nýrri lóð og hvenær má búast við að rekstur bátaflotans flytjist þangað yfir?
3. Er búið að gera athugun á viðbragðstíma Hjálparsveitarinnar við sjóbjörgun með tilkomu Fossvogsbrúar og nýrrar staðsetningar fyrihugaðs húsnæðis miðað við það sem áður var?
4. Hvernig verður sjóbjörgun háttað í og við brúna þar sem staðbundið sog og iðustraumar geta myndast við brúarstólpana? Er tryggt að smærri sjóbjörgunartæki hjálparsveitarinnar ráði við þær aðstæður?
5. Hvernig var samráði háttað við Hjálparsveitina á hönnunar- og skipulagsstigi brúarinnar með tilliti til sjóbjörgunar og öryggismála á svæðinu. Var þar horft til áhættu í tengslum við kænusiglingar barna um Fossvoginn, sem gætu mögulega rekið í átt að brúnni og stólpum hennar?

Virðingarfyllst,

Beitir Ólafsson, áheyrnarfulltrúi Miðflokksins í skipulags- og umhverfisráði Kópavogs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026